

Grunnskólinn í Hveragerði safnaði 2,2 milljónum fyrir Minningarsjóð Bryndísar Klöru



Iðunn Eiríksdóttir og Birgir Karl Óskarsson, foreldrar Bryndísar Klöru, ásamt Júlíu Dís, Atlasi Braga, Sævari Þór skólalastjóra og Matheu Sigurðardóttur aðstoðarskólalastjóra. Ljósmynd: Dagskráin/EHJ.

Síðastliðin ár hefur haldist sú hefð að halda góðgerðardaga í lok nóvember í Grunnskólanum í Hveragerði. Þá vinna nemendur í þrjá daga við að búa til

ýmsar vörur sem eru svo seldar á markaði sem er opin öllum. Tilgangurinn er að efla samkennd nemenda og láta gott af sér leiða. Ár hvert eru ný sam-

tök styrkt og ákváðu nemendur í þetta sinn að styrkja Minningarsjóð Bryndísar Klöru. Söfnuðust hvorki meira né minna en 2,2 milljónir.

Bryndís Klara lést í kjölfar hnífaárásar á menningarnótt í Reykjavík. Markmið sjóðsins er að styðja við verkefni sem miða að því að vernda börn gegn ofbeldi og efla samfélag þar sem samkennd og samvinna eru í forgrunni.

Haldin var athöfn í grunnskólanum 18. desember sl. þar sem foreldrar Bryndísar Klöru, Birgir Karl Óskarsson og Iðunn Eiríksdóttir, komu og tóku við styrknum og þökkðu vel fyrir sig. Júlía Dís Sigurðardóttir, formaður nemendaráðs, og Atlas Bragi Kjartansson, yngsti nemandi skólans, afhentu styrkinn. Í kjölfarið sungu allir nemendur, starfsfólk og aðrir utanaðkomandi jólalög undir stjórn Sævars Þórs Helgasonar skólalastjóra.

Samtök sem Grunnskólinn í Hveragerði hefur áður styrkt eru eftirfarandi:

- 2015: Amnesty International (460.00 kr.-)
- 2016: Félag krabbameinsjúkra barna (810.000 kr.-)

• 2017: Barnaspítali Hringins (1.360.000 kr.-)

• 2018: Birta, landsamtök þar sem foreldrar sem misst hafa börn sín skyndilega geta sótt styrk og stuðning (1.750.000 kr.-)

• 2019: Neistinn, styrktarfélag hjartveikra barna (1.480.000 kr.-)

• 2020: Féll niður vegna Covid

• 2021: Dropinn, styrktarfélag barna með sykursýki (1.400.000 kr.-)

• 2022: Einstök börn, stuðningsfélag barna og ungmenna með sjaldgæfa sjúkdóma eða sjaldgæf heilkenni (2.184.000 kr.-)

• 2023: Samtökin Ljónshjarta, samtök til stuðnings fólki sem misst hefur maka og barna sem misst hafa foreldri (2.000.000 kr.-)

• 2024: Minningarsjóður Bryndísar Klöru (2.200.000 kr.-)

EHJ

Þórir sæmdur fálkaorðu og valinn þjálfari ársins

Selfyssingurinn og handboltaþjálfari Þórir Hergisson var einn þeirra fjórtán einstaklinga sem sæmdir voru heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu á Bessastöðum á Nýársdag.

Þórir hlýtur riddarakross fyrir afreksferil í þjálfun og framlag til handbolta kvenna. Hann var ekki viðstaddur athöfnina þar sem hann er staddur erlendis. Hann tekur við sinni orðu við tækifæri,

segir í tilkynningu frá embætti forseta.

Ekki nóg með það að hafa fengið fálkaorðu þá var Þórir líka kjörinn þjálfari ársins 2024 á 69. hófi Samtaka íþróttafréttamanna og Íþrótt- og Ólympíu-sambands Íslands sem haldið var í Hörpu 4. janúar sl. Hann hlaut yfirburðarkosningu. Hann var einnig kjörinn árin 2021 og 2022. Hann hefur fjórum sinnum verið í öðru sæti í kjörinu. Hann var einnig kjörinn

þjálfari ársins í Noregi.

Þórir skilur við norska liðið sem sigursælasti landsliðsþjálfari heims. Á 20 stórmótum vann liðið til 17 verðlauna undir hans stjórn, þar af 11 gullverðlauna, þrenna silfurverðlauna og þrenna bronsverðlauna. Þórir hætti þjálfun norska kvenlandslíðsins eftir að hafa stýrt því til sigurs í sjötta sinn á Evrópumeistaramótinu í desember síðastliðnum.



Fáðu fagmann í verkið

Framúrskarandi fyrirtæki 2024

PIPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

Rafverktakar · Verslun Öryggis-, myndavéla- og loftnetskerfi



Framúrskarandi fyrirtæki 2013

Arvirkinn

Neyðarsími 660 1160

Eyravegi 32 · Selfossi · Sími 480 1160
www.arvirkinn.is



Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is
prentmetoddi.is
Eyravegur 25, Selfoss



Starfsfólk óskast

Útfararþjónustan Fylgd óskar eftir starfskrafti í 50 % starf eða eftir samkomulagi.

Upplýsingar í síma 892 4650



Kröfufjármögnun fyrir vöxt og rekstur þíns fyrirtækis

Einföld umsókn á krita.is

Óskað er eftir tilnefningum til Menntaverðlauna Suðurlands 2024

Samtök sunnleuskra sveitarfélaga óska eftir tilnefningum til Menntaverðlauna Suðurlands 2024. Frestur til tilnefninga er til miðnættis sunnudaginn 2. febrúar nk. og þær skal senda á netfangið: menntaverðlaun@sudurland.is. Veitt verður viðurkenning sem og peningaverðlaun. Nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðu SASS: sass.is.



SASS
SAMTÖK
SUNNLEUSKRA
SVEITARFÉLAGA

Ofsaflóð í Hvítá við Brúnastaði árið 1984

Þau eru mörg flóðin í Hvítá og Ölfusá í gegnum tíðina. Árið 1984 varð ofsaflóð við Brúnastaði. Faðir minn Ágúst Þorvaldsson skráði niður sögu allra flóða á sinni tíð. Hér skal birt lýsing hans á ofsaflóðinu 1984 eins og hann skráði það. Tveir bræður mínir sluppu með naumindum frá bráðum bana.

Ágúst lýsir haustveðráttunni og aðdraganda að árlóðinu svo segir hann: Sunnudaginn 12. febrúar var þurr veður og lígt og heldur kólnandi. Mikið vatn og krap eftir hálkuna var í öllum lægðum og lautum. Ekki vottaði fyrir neinni hreyfingu á Hvítá að öðru leyti en því að ishellan stóð mjög hátt hér á mótis við bæinn og taldi ég það bera vott um að hið mikla leysingarvatn hefði lyft henni og myndi hafa næga framrás. Ishellan náði frá Krítunga að Langatanga sem er hátt á annan kílómetra að lengd og meðalbreidd árfarvegarsins er ca einn kílómetri. Svo þetta svæði er um 200 hektarar að stærð.

Gísli sonur minn sem var hér staddur þennan dag gekk norður að ánni kl. 17.30 til að huga að ástandinu. Gekk hann spólkorn austur með árbakknum og sá ekki annað athugaðvert en að ísinn stóð mjög hátt. Þar sem hann stóð þarna og virti umhverfið fyrir sér þá veit hann ekki fyrir til en allur þessi mikli ísgeymur lyftir sér í einu vetvangi eins og hendi væri veifað um nokkra metra hæð og ísbrúnn steiptist yfir bakkann á öllu svæðinu frá flóðgáttinni og vestur undir Langatanga. Mátti þarna engu muna að hann yrði undir ís- og vatnsbylgjunni þar sem hún steiptist eins og brimskafl yfir túnið. Tók Gísli þegar til fótanna og mátti litlu muna, að hann drægi undan. Stóð ég

og fleiri heimilismenn hér úti og sáum hvað gerðist. Mun ég ekki gleyma þessari sjón, jakar og ishannir byltust fram og ruddu öllu um sem fyrir varð. Sver og nýlegur símastaur varð á vegi flóðsins og hrökk hann í sundur eins og eldspíta væri. Síðan lýsti Ágúst skemmdum á girðingum og túnnum og hvernig flóðið flæddi um sveitina.

Svo tekur hann að segja frá kröppum dansi sem Bragi sonur hans komst í. Bragi hafði brugðið sér suður í Gaulverjabæjarhreppi og er á heimleið í myrkri síðdegis. Hann er grunlaus um tíðindin heima. Þegar hann kemur upp fyrir brúna á Stóaskurði vissi hann ekki fyrir en pallbillinn var kominn út í djúpt og straumhart vatn sem rann yfir veginn og fylgdi mikill jakaburður. Það skipti engum togum að vatnið og jakarnir hrintu bílnum út í vegkantinn og vó billinn þar salt. Komst Bragi við illan leik út úr bílnum og upp á þak og hafðist þar síðan við. Ljósín á bílnum loguðu og því sást til bílsins að heiman. Var nú hafist handa við að undirbúa björgunarleiðangur. Þeir Gísli, Ketill og

Tryggvi lögðu í þennan hættulega leiðangur á tveimur traktorum sem búið var að þyngra til að standast straumþungann. Oft mátti litlu muna að jakar hrintu traktorunum á hliðina eða út af veginum. Allt hafði þetta góðan endi og var Braga bjargað eftir tveggja klukkustunda bið á þaki pallbilsins.

Verstu flóðasvæðin í Hvítá eru við Oddgeirshóla/Austurkot, Brúnastaði og í Ólafsvallahverfinu á Skeiðunum og í Auðsholts hverfinu í Hrunamannahreppi.

Við sjáum nú hversu samfélagið okkar hefur breyst með öllu björgunarstarfinu, mögnuðum sjálfbóðaliðum og gsm-símum. Flóðin eru vöktuð af lögreglu, vegagerð, Veðurstofu og björgunarsveitir kallaðar út. Vegum er lokað á slaginu og þyrlan hefði trúlega sótt Braga. Aðeins fjórutíu ár eru liðin frá þessu mikla flóði. Mörg flóðin hafa verið enn svæsnari en þetta, nægir þar að nefna mikla flóðið 1889 sem Jón Gíslason frá Stóru-Reykjum lýsir svo vel í bókinni Úr farvegum aldanna.

Guðni Ágústsson



Bræðurnir Guðni og Ketill Ágústssynir.

Ljósmynd: Grétar Einarsson.

Vigdís tekur við stöðu markaðsstjóra Nettó

Vigdís Guðjohnsen hefur tekið við stöðu markaðsstjóra Nettó. Vigdís hefur viðtæka þekkingu og yfir tíu ára reynslu af markaðsmálum, með sérstakri áherslu á stjórnunarhlutverk og markaðsstefnu. Þá hefur hún sérhæft sig í markaðssetningu samfélagsábyrgðar. Vigdís tekur við af Helgu Dís Jakobsdóttur sem hefur sinnt stöðu markaðsstjóra Nettó og mun taka við stöðu vöruflokkastjóra á innkaupa- og vörustýringarsviði Samkaupa að loknu fæðingarorlofi.

Vigdís kemur til Samkaupa frá flugfélaginu Play þar sem hún starfaði sem markaðsstjóri og bar ábyrgð á markaðs- og ímyndarmálum félagsins, uppbyggingu vörumerkisins í gríðarlega hröðum vexti og þróun og framkvæmd umfangsmikillar markaðsáætlunar á alþjóðavettvangi. Þar áður starfaði hún sem markaðsstjóri Skeljungu.

„Við erum virkilega ánægð að fá Vigdís til starfa enda býr

hún yfir gífurlega öflugri starfsreynslu og mikill sérfræðingur á sínu sviði. Við erum búin að vera í mikilli vinnu að styrkja Nettó á lágvörumarkaði ásamt ýmsum þáttum innan fyrirtækisins með það að markmiði að bjóða viðskiptavinum okkar upp á bestu mögulegu þjónustu og verð. Það eru spennandi tímar fram undan hjá Nettó og Samkaupum og ég er fullviss um að Vigdís mun hafa í nægu að snúast á næstu misserum,“ segir Gunnur Líf Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri verslunar- og mannaúðssviðs.

„Dagvörumarkaðurinn er spennandi geiri þar sem hlutir gerast hratt og það er alltaf nóg að gera, og í þannig umhverfi þrífst ég best. Á sama tíma er spennandi að fá þetta tækifæri að fá taka þátt í að móta markaðsmál Nettó sem er frábær verslun á verðmætri vegferð að verða samkeppnishæfari á markaði, og ég hlakka því til að ganga til liðs við öflugt fyrirtæki



eins og Samkaup,“ segir Vigdís.

Samkaup reka 60 verslanir víðs vegar um landið. Helstu verslanamerki Samkaupa eru Nettó, Kjörbúðin, Krambúðin, Háskólubúðin, Iceland og Samkaup strax. Nettó opnaði nýverið nýja glæsilega verslun á Selfossi. eru þá tvær Nettó verslanir þar ásamt Krambúðinni.

Janoir haldinn hátíðlegur í janúar

Janúarmánuður á Bókasafni Árborgar heitir nú „Janoir“ og er helgaður glæpasögum. Sú hugmynd að kalla janúarmánuð „Janoir“ kviknaði hjá blóðþyrstum bókaverði safnsins í janúar 2024 og eftir frjósama og fjórlega hugmyndavinnu starfsmanna var tekin ákvörðun um framhaldið: „Janoir“ verður haldinn hátíðlegur í janúar 2025.

Glæpasögur og höfundar þeirra verða í sviðsljósinu og í brennidepli þeir höfundar sem tilnefndir eru til Blóðdropans, íslensku glæpasagnaverðlaunanna: Óskar Guðmundsson, Stefán Máni, Eva Björg Ægisdóttir, Ragnheiður Gestsdóttir og Steindór Ívarsson. Þau hafa nánast öll staðfest komu sína á stórvíðburð safnsins á Selfossi þann 16. janúar kl. 16. Janoir er unninn í samstarfi við Hið íslenska glæpa-félag. Í samstarfi við Svakalegu sögusmiðjuna verða ritmiðjur fyrir börn í boði. Út mánuðinn fá gestir safnsins að velja sinn


uppáhalds glæpasagnahöfund í gegnum könnun á Facebook og í kjörkössum á Bókasöfnum Árborgar. Úrslit verða kynnt í lok mánaðar við glæpsamlega athöfn.

Bókasafn Árborgar Eyrarbakka fær í heimsókn Guðmund Brynjólfsson rithöfund þann 21. janúar kl. 16.30 og segir hann frá glæpatrílógiu sinni sem gerist bæði á Eyrarbakka og Stokks-eyri. Listakonan Hada Kisu opnar sýningu á myndverkum sínum í Listagjá Bókasafnsins á Selfossi þann 9. janúar kl. 15 og verður sama dag kl. 16 með vinnusmiðju í myndasögugerð.

Með erlenda gesti safnsins í huga, sem eru fjölmargir, verður lögð áhersla á að kynna íslenska glæpasagnahöfunda sem þýddir hafa verið á erlend tungumál, í samvinnu við fjölmennings- teymi Árborgar.

„Hér á ferð er skemmtilegt samfélagsverkefni sem kryddar tilveruna í svartasta skamm-

deginu, hvetur til lestrar og örvar hugmyndaflug og sköpunarkraft. „Janoir“ er glænytt verkefni og hugmynd sem hvergi í heiminum hefur verið útfærð áður, svo vitað sé. Viðbrögð samstarfsaðila hafa verið jákvæð og einhver nú þegar farin að „stela“ hugmyndinni, sem er í góðu lagi, svo lengi sem henni verður ekki slátrað,“ segir í tilkynningu frá bókasafninu.



Hákon valinn skotíþróttamaður ársins 2024

Hákon Þór Svavarsson úr Skotíþróttafélagi Suðurlands var valinn skotíþróttamaður ársins 2024 hjá Skotíþróttasambandi Íslands. Verðlaunin voru afhent í hófi Samtaka íþróttafélaganna og Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands í Hörpu 4. janúar sl.

Hákon keppti á Ólympíuleikunum í París og varð þar í 23. sæti í haglabýssugreininni skeet sem er besti árangur Íslendinga í greininni. Hann varð einnig Íslandsmeistari í lok ágúst og jafnaði þar sitt eigið Íslandsmet í greininni, 122 stig af 125 mögulegum.



Nýtt Æfingatímabil hafið í Júdo



Kíktu við í fríann prufutíma mán-þrið- mið-fim kl 18:00

Við tökum vel á móti þér í Júdosalnum fyrir ofan Crossfit Selfoss



FERÐAFÉLAG ÁRNESINGA

Heimasíða: www.ffar.is | Facebook: Ferðafélag Árnésinga
Netfang: ffarnesinga@gmail.com | Sími 848 8148

Brottför frá Fjölbautaskólanum á Selfossi í flestar ferðir. Brottfarartími auglýstur á heimasíðu/félsbók þegar nær dregur og nánari upplýsingar um ferð. Þátttaka ókeypis, nema annað sé tekið fram. Allar ferðir geta tekið breytingu frá auglýstri dagskrá.

FERÐIR 2025

Inghóll

2 skór - 4. jan.

Hefðbundin fyrsta ganga ársins á Ingólfsfjall. 9 km, 500 m hækkun

Lágaskarðsleið

2 skór - 25. jan.

15 km hækkun 370 m

Strandganga

3 skór - 22. feb.

20 km hækkun óveruleg

Arnarfell við Þingvallavatn

2 skór - 15. mars

5 km hækkun 200 m

Gullkista

2 skór - 29. mars

12 km hækkun 600 m

Bjarnafell

2 skór - 12. apríl

9 km hækkun 650 m

Ingólfsfjall

2 skór - 24. apríl

sumardagurinn fyrsti Farin óhefðbundin leið á fjallið, leikið af fingrum fram.

Trana

2 skór - 10. maí

10 km hækkun 750 m

Úlfjótuvatn - Ölfus

2 skór - 24. maí

14 km hækkun 450 m

Hellisheiði - Reykjadalur

3 skór - 14. júní

15 - 20 km hækkun 450 m

Skessuhorn

3 skór - 28. júní

16 km hækkun 900 m

Sveinstindur - Skælingar

3 skór - 12. - 14. júlí

fyrir skráða félaga

Emstrur

2 skór - 26. júlí

Nánar þegar að ferð kemur hvernig aðstæður eru

Grænihryggur

3 skór - 9. ág.

20 km hækkun 900 m

Kerlingarfjöll

3 skór - 23. ág.

18 km hækkun 1000 m

Keyrsluferð

13. sept.

Nánar þegar kemur að ferð

Þórsmörk

2 skór - 27. - 28. sept.

Básar - fyrir skráða félaga

Sauðdalahnjúkur

2 skór - 11. okt.

10 km hækkun 550 m

Geitahlíð

2 skór - 25. okt.

12 km hækkun 350 m

Stóra Reykjafell

2 skór - 22. nóv.

7 km hækkun 300 m

Jólakakó

7. des.

sunnudagur

ATH. Ferðafélag Árnésinga tryggir hvorki farþega sína né farangur þeirra. Farþegar ferðast með félaginu á eigin ábyrgð.

Félagið hvetur fólk til að kaupa ferða og slysatryggingu.

Bjóða upp á sérhannað námskeið fyrir kennara

Hjónin Eva Harðardóttir og Lárus Jónsson eru að fara af stað með nýtt fjarnámskeið sem er sérstaklega fyrir kennara. Þau voru saman í pottinum í Laugaskarði í Hveragerði þegar Lárus segir við Evu: „Eva, ég er að hugsa um að vera með þjálfunarnámskeið sem er sérstaklega hugsað fyrir kennara.“ Eva svaraði strax að hún ætlaði að vera með honum í því.

Eva segir í stöðuuppfærslu á Facebook-síðu sinni að þessi jólavitrún birtist þeim ekki upp úr þurru heldur kemur í kjölfar samræðna sem þau hjónin hafa átt undanfarið ár eða lengur um áskoranir og tækifæri í störfum kennara og þjálfara. Þetta er þeirra sameiginlegi reynsluheimur, en þau eru bæði kennarar. Alþjóðlegar rannsóknir sýna að heilsa kennara fer almennt versnandi og að slæmt líkamlegt ástand s.s. skortur á hreyfingu, ójafnvægi í næringu og lítil svefn haldist í hendur við kulnun.

„Þetta eru svo sem engin geimvísindi en mér finnst alltaf áhugavert þegar rannsóknir sýna svart á hvítu hvernig hlutirnir taka á sig ákveðna mynd. Ég var t.d. í hálfgerðu sjokki þegar ég fór á ráðstefnu á vegum UNESCO í júní sl. í Finnlandi um framtíð kennara og kennaramenntunar. Þar var annar hver fyrirlesari að fjalla um heilsuleysi kennara. Í kjölfarið hef ég verið að velta fyrir mér hlutverki stefnumótunar og stjórnunar í þessum efnunum líka,“ segir Eva í færslu sinni.

Eva talaði um að á síðasta menntaþingi hafi Berglind Rós Magnúsdóttir, prófessor á Menntavísindasviði HÍ, talað um að forsenda fyrir árangri og góðri líðan barna og ungmenna



yrði að byggja á vellíðan kennara. „Við Lalli erum auðvitað sjálf kennarar og þekkjum vel hversu snúið það getur verið að huga að heilsunni á sama tíma og starfið verður sífellt flóknara.“

Úr varð að þau hjónin settust niður í jólafríinu og tóku allt það besta sem þau áttu í gullkistunum sínum og settu saman námskeið sem er sérniðið fyrir kennara sem vilja styrkja sig í starfi - líkamlega, andlega og faglega. Í þeirra huga tengjast þessir þættir órjúfanlegum böndum.

„Eitt af því sem kennarar glíma við alla daga er ótrúleg pressa um árangur. Það hvað telst vera árangur eða best hverju sinni er hins vegar yfirleitt fyrir fram skilgreint af einhverjum öðrum en kennurum sjálfum. Oftast kemur hugmyndin um hvað er best í menntun frá stefnumótunaraðilum sem einblína á samkeppni og samannburð frekar en samvinnu og jafnvægi,“ segir Eva.

Hún segir heilsutengda orðræðu líka hafa verið á þessum nótum. „Samfélagsmiðlar ýta fólk út í sífellt óheilbrigðari og óraunverulegri samannburð og

samkeppni við aðra, nú eða bara okkur sjálf þegar við erum spurð að því hvernig við getum orðið besta útgáfan af okkur sjálfum?“

Eva og Lárus vildu ögra þessari hugmynd um bestun í afmörkuðum skilningi og skoða frekar hvernig við getum látið okkur líða sem best í lífi, leik og starfi. Hvernig góð líkams- og næringarþjálfun, svefn og streitustjórnun undirbyggja sterkari fagvitund og farsæld í starfi. Hvernig sköpum við aðstæður þar sem við erum í essinu okkar?“

„Við ætlum að byrja í janúar og erum núna í óðaönn að setja saman dundurdagskrá þar sem líkams- og næringarþjálfuninni hans Lalla er fléttað saman við fræðslu og rannsóknir af sviði menntavísinda. Praktíski kennarinn í mér býr svo til verkefni sem nýtast öllum sem taka þátt í námskeiðinu áfram í eigin kennslu eða þjálfun,“ segir Eva að lokum.

Þau sem vilja taka þátt í námskeiðinu geta haft samband við Lárus Jónsson eða Evu Harðardóttur í einkaskilaboðum á Facebook eða í gegnum tölvupóst evahardar@gmail.com eða lallijons12@gmail.com. EHI

Hr. Eydís með nýja ábreiðu af lagi Billy Idol

Hljómsveitin Hr. Eydís er búin að gera nýja ábreiðu af lagiinu Eyes Without a Face með Billy Idol.

Lagið kom út sem smáskífa í apríl 1984 og var af plötunni Rebel Yell sem hafði komið út í lok ársins 1983. Lagið var frábrugðið öðrum smellum Billy Idol, en það var ballaða. Reyndar var það samsúða af ýmsu fleiru, því í lagiinu eru bæði rokk- og rappkafli. Það var tikkað í nokkur box enda varð lagið mjög vinsælt.



Mikið var lagt í myndbandið, öllu var tjaldað til, bæði í reyk og eld. En svo mikill var hitinn og reykurinn að augnlinsur Billy Idol bráðnuðu í augunum á hon-

um og þurfti hann í kjölfarið að leggjast inn á spítala.

„Ég var á Spáni síðastliðið haust og hafði með mér gítarinn. Var eitthvað að glamra og fór allt í einu að spila Eyes Without a Face og hugsaði með mér að við þyrftum að taka þetta gamla góða '80s lag,“ segir Örlygur Smári, söngvari og gítarleikari Hr. Eydís í tilkynningu frá hljómsveitinni og bætur við „...mikið væri gott að komast í hitann á Spáni núna í öllum þessum kulda og snjó.“



Léttsteikt túnfisksteik með avókadópuré og ponzusósu

Ægir Þór Steinarsson er matgæðingur vikunnar.

Þessi réttur er ljúffengur, léttur og með suðrænu ívafi. Hann sameinar milda fegurð túnfisks með ferskum bragðnótum úr avókadó og ponzusósu.

Túnfisksteik

400 g ferskur túnfiskur (helst í heilum bita)
2 msk. ólífuolía
Salt og pipar
1 msk. sesamfræ (svört og hvít blanda)

Hitið ólífuolíu á pönnu við háan hita. Kryddið túnfiskinn með salti og pipar og þrýstið sesamfræjunum á báðar hliðar. Steikið túnfiskinn í 30-60 sekúndur á hvorri hlið (hann á að vera rauður að innan). Látið standa í 2 mín áður en þið skerðið hann í þunnar sneiðar.

Avókadópuré

2 þroskuð avókadó
1 msk. lime-safi
1 tsk. ólífuolía
Salt eftir smekk

Stappið avókadóið með gaffli eða blandið í matvinnsluvél ásamt lime-safa og ólífuolíu.



Ég skora á Sigurð Kristmundsson, matgæðing af guðs náð, að sýna okkur hvernig hann tófrar fram dýrindis rétt með sitt einstaka lag og hugmyndaflug!

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Halda styrktartónleika fyrir Konráð Helga

Karlakór Rangæinga og sönghópurinn Öðlingarnir halda styrktartónleika í Hvolnum sunnudaginn 12. janúar fyrir Konráð Helga Haraldsson sem lenti í alvarlegu bilslýsi undir

Eyjafjöllum í desembermánuði.

Tónleikarnir hefjast kl. 16:00 og er aðgangur ókeypis en tekið verður á móti frjálsum framlögum á tónleikumunum.



DAGSKRÁIN

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveggi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.

Ritstjóri: Elin Hrönn Jónsdóttir, sími 956 0673, hronn@dfs.is.

Blaðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.

Auglýsingaheild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar systur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókautgáfan HÖLAR

Yfir lækinn gekk í gær, glaður söng minn ástarbrag, þá varð konan alveg ær, einn í plús og frísk í dag.

Svar við gátu í blaði 2783: ÁR
1. Ár vatnsfjöll - 2. S-ár



Anna Guðrún er íþróttamaður Hveragerðis 2024

Anna Guðrún Halldórsdóttir hefur verið valin íþróttamaður Hveragerðis 2024 fyrir góðan árangur í ólympískum lyftingum. Athöfnin fór fram í Listasafni Árnesinga 5. janúar sl.

Anna Guðrún hefur sett fjölda Íslandsmeta, Evrópumeta og heimsmeta í sínum aldursflokki en hún er núverandi Evrópu- og heimsmethafi í flokki 55-59 ára í 87 og +87 kg flokki auk þess að vera Íslandsmethafi í sömu flokkum. Hún keppti í apríl á miðjarðahafsmóti í Durres í Albaníu þar sem hún varn gull og var valin Grand master með flest stig reiknuð ásamt því að setja Evrópu- og heimsmet.

Einnig keppti Anna Guðrún á Evrópumeistaramóti í Haugasundi í Noregi í júní þar sem hún vann gull, setti Evrópu-

og heimsmet. Þá keppti hún á heimsmestaramóti í Finnlandi í september þar sem hún vann gull ásamt því að setja Íslands-, Evrópu- og heimsmet.

Anna Guðrún á í dag:

- 3 heimsmet (hefur sett tíu slík á árinu 2024) allt í flokki 55-59 ára
- 3 Evrópumet (hefur sett tólf slík á árinu 2024) allt í flokki 55-59 ára
- 39 Íslandsmet en hefur sett 180 Íslandsmet frá haustinu 2020 í flokkum 35-39, 40-44, 45-49, 50-54 og 55-59 ára

Sex einstaklingar voru tilnefndir sem íþróttamaður Hveragerðis. Voru það eftirfarandi:

Rakel Rós Guðmundsdóttir fyrir góðan árangur í badminton Kristján Valdimarsson



fyrir góðan árangur í blaki Óliver Þór Þorkelsson fyrir góðan árangur í knattspyrnu Lúkas Aron Stefánsson fyrir góðan árangur í körfuknattleik Anna Guðrún Halldórsdóttir fyrir góðan árangur í ólympískum lyftingum Eric Máni Guðmundsson fyrir góðan árangur í motocrossi



Gunnar Biering Agnarsson, eiginmaður Önnu Guðrúnar, tók við verðlaununum fyrir hana.

Sigurður og Perla valin íþróttafólk Umf. Selfoss

Val á íþróttamannskjum Umf. Selfoss fyrir árið 2024 fór fram í Tíbrá 19. desember sl. Sex karlar og sex konur voru tilnefnd af deildum félagsins og tóku þau við viðurkenningum á verðlaunahátíðinni.

Sigurður Fannar Hjaltason, júdómaður, og Perla Rut Albertsdóttir, handknattleikskona, hlutu titlana íþróttakarlar og íþróttakona Umf. Selfoss árið 2024.

Perla Ruth var mikilvægur leikmaður í Selfossliðinu sem bar sigur úr býtum í Grill 66 deildinni á síðasta tímabili og tryggði sér sæti í Olísdeildinni. Hún hefur einnig verið fastamaður í íslenska landsliðinu á

árinu og lék með því á Evrópumótinu í nóvember og desember.

Sigurður Fannar hampaði Íslandsmeistaratitli í +100 kg flokki á árinu auk þess sem hann tók gull á Haustmóti JSÍ og silfur á Vormóti JSÍ. Hann hefur lagt mikið á sig og er góð hvatning

fyrir aðra innan deildarinnar.

Einnig var Gunnar B. Guðmundsson sæmdur gullmerki Umf. Selfoss en hann vann lengi óeigingjarnt starf fyrir félagið, m.a. sem formaður knattspyrnuráðs félagsins og sem formaður handknattleiksdeildar.



Friðný bætti Íslandsmet á jólamóti LSÍ

Friðný Fjóra Jónsdóttir átti stórkostlegan árangur á jólamóti LSÍ 15. desember sl. Hún keppti létt í +87kg flokki kvenna (88.20kg) og stórbætti sinn besta árangur, 8kg í snörun, 12kg í jafnhendingu og 19kg í samanlögðum árangri. Hún lyfti 100kg í snörun og 122kg í jafnhendingu og bætti Íslandsmet Erlu Ágústsdóttur í jafnhendingu um 3kg en Erla hafði lyft 119kg fyrr sama dag á Heimsmeistaramóti IWF.

Með þessum árangri hlaut Friðný Elite Pin norðurlandasambandsins, en lyfta þarf yfir 218kg samanlagt í 87+ kvenna-

flokki til að hljóta hann. Friðný er 10. Íslendingurinn til að njóta þess heiðurs.

Anna Guðrún Halldórsdóttir úr Hamri stóð sig líka vel og setti

fjölmörg mastersmet í mörgum aldursflokkum M35-M55 þegar hún snaraði 56kg og jafnhenti 77kg í flokku +87kg.



Laust starf við afleysingar í ræstingu Fjölbrotaskóli Suðurlands

Fjölbrotaskóli Suðurlands auglýsir stöðu ræstitækis lausa til umsóknar frá 27. janúar 2025 til 15. maí. **Um er að ræða afleysingu þegar nauðsyn krefur.** Möguleiki er á fastri stöðu í framhaldinu.

Skrifleg umsókn ásamt ferilskrá berist Fjölbrotaskóla Suðurlands, Tryggvagötu 25, 800 Selfossi eða rafrænt til ræstingastjóra á netfangið andreainga@fsu.is fyrir 23. janúar 2025.

Leitað er eftir áreiðanlegum einstaklingi með mikla þjónustulund og jákvæða framkomu sem getur mætt þegar á þarf að halda og er tilbúinn að þrifa mismunandi svæði skólahúsa FSu, Odda, Hamar eða lðu. Vinnutíminn er að jafnaði eftir 16:00 virka daga.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Bárunnar og stofnanasamningi skólans. Umsóknarfrestur er til 23. janúar 2025.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Andrea Inga Sigurðardóttir ræstingastjóri í síma 697 3908.

Frekari upplýsingar um skólann má finna á heimasíðu hans www.fsu.is.

Skólameistari



ÚTBOÐ ÞJÓNUSTA IÐNAÐARFÓLKS



Sveitafélagið Árborg óskar eftir tilboðum í verkið *Þjónusta iðnaðarfólks í Árborg* í samræmi við útboðsgögn.

Um er að rammassamningsútboð þar sem leitað er tilboða í þjónustu iðnaðarfólks sem koma til með að taka að sér einstök verkefni í heild eða að vinna í verkefnum með starfsfólki Árborgar. Útboði er skipt upp í fimm mismunandi flokka.

Útboðsgögn verða afhend í útboðskerfinu Ajour þar sem bjóðendur geta sótt gögn frá og með 19. desember 2024. Bjóðendur skrá sig inn á vef og hlaða niður gögnum.

<https://arborg.ajoursystem.net/Tender/DirectLink/321cf972-937d-4e4a-a91f-dc6603002903>

Notkunarleiðbeiningar um kerfið má sjá hér <https://help.ajoursystem.com/astopic/tender/>

Tilboði skal skila rafrænt í útboðskerfinu Ajour. Tilboð skulu sett fram með þeim hætti sem sett er fram í útboðskerfinu og í samræmi við skilmála útboðs og hlaða upp þeim skráum sem gerð er krafa um. Bjóðandi fær staðfestingarpóst þegar hann hefur skilað tilboði. Ef enginn póstur berst, hefur afhending ekki tekist. Bjóðendur skulu í þeim tilfellum leita til Ajour þjónustuaðila án tafar. Bjóðandi ber ábyrgð á að tilboð berist á réttum tíma og eru hvattir til að hefja tímanlega vinnu við að skila þeim inn. Skilafrestur tilboðs og opnunartími er 4. febrúar 2025 kl. 13:00.

Mannvirkja- og umhverfissvið Árborgar

Barnakór Selfoskirkju

Barnakór Selfoskirkju auglýsir eftir fleiri söngelskum börnum! Í kórnum er fullt af kátum krökkum í 2.-4. bekk sem ætla að syngja m.a. í messum, á skemmtikvöldum og vortónleikum. Svo verður vorferð og aldrei að vita nema við syngjum og skemmtum okkur með fleiri barnakórum! Starfið hefst aftur þriðjudaginn 7. janúar og kóræfingar eru á milli klukkan 16:00-16:45 á þriðjudögum. Allt kórastarf í Selfoskirkju er ókeypis og hægt er að skrá sig á selfoskirkja.skramur.is eða hafa samband við Bergþóru Kristínardóttir í berg.runars@gmail.com.



Jólamót HSK í júdó heppnaðist vel

Þrjú föstudaga í röð í desember, þann 6., 13. og 20., var jólamót HSK haldið hjá júdoeildinni. Mótið er innanfélagsmót og fór fram í júdosalnum sem er gamli Sandvíkursalurinn beint á móti Sundhöll Selfoss. Mótið markar lok haustnarr hjá júdoeildinni.

6. desember keppti yngsti hópurinn, 6-7 ára börn. Þar voru margir keppendur að taka þátt á sínu fyrsta móti og stóðu

sig vel. Keppendur voru níttán talsins, strákar og stelpur. „Gaman var að sjá hvað mikið af foreldrum, ömmum, öfum og systkinum mættu til að fylgjast með. Strákar í unglingsflokki fengu að spreyta sig í að dæma og aðstoða við mótið,“ segir í tilkynningu frá deildinni.

13. desember var komið að 8-10 ára krökkunum. Þar voru keppendur 22 talsins, strákar og stelpur. „Þau hafa öll keppt áður

og sáust glæsileg tilþrif, margar flottar glímur,“ segir einnig í tilkynningunni.

19. desember kláraði 11-15 ára hópurinn önnina sína með jólamótinu. Þar voru keppendur tíu talsins, strákar og stelpur. „Í þessum flokki er blanda af krökkum sem hafa verið lengi og hafa mikla reynslu og einnig stelpur sem voru að keppa á sínu fyrsta móti og stóðu sig glæsilega,“ segir deildin að lokum.



GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR Í NÝBYGGINGU Í AUSTURHÓLUM 4

Ívera íbúðafélag er með til leigu glæsilegar íbúðir í nýbyggingu í Austurhólum 4 á Selfossi.

Íbúðirnar eru sérlega glæsilegar, vel skipulagða 3ja og 4ra herbergja.


Gardínur, ljós, uppþvottavél, ísskápur fylgja öllum íbúðum.

Fjöldi bílastæði er við húsið sem eru sameiginleg og rafbílahleðslukerfi hefur verið sett upp.

Austurhólar er í vel staðsettu hverfi og stutt er í þjónustu, leik-, og grunnskóla, íþróttahúsi og útivistarsvæði.

SÆKJA UM ÍBÚÐ

Hægt er að sækja um íbúðir og fá frekari upplýsingar um eignirnar á ivera@ivera.is eða í síma 517 3440.



Björgvin Karl fer í atvinnumannadeild í CrossFit

Björgvin Karl Guðmundsson hefur skrifað undir atvinnumannadeildarsamning í CrossFit. Deildin kallast World Fitness Project og er bestu CrossFit-iökendum í heimi gefið tækifæri á að vera á samningi hjá þeim. Samningurinn tryggir íþróttafólki fastar tekjur í stað þess að þurfa aðeins að reida sig á verðlaunafé og auglýsingasamninga.

Björgvin Karl er einn af þeim fyrstu sem skrifuðu undir samning. Gerðir verða 20 samningar við karla og 20 við konur. Þau sem fengu boð um samningsgerð hafa verið í hópi bestu CrossFit-iökenda á síðustu árum. Björgvin er einn af þeim, en hann hefur farið samfleytt ellefu sinnum á heimsleikana í Cross-



Fit. Hann er sá fyrsti í heiminum sem náði því afreki.

Iökendur sem fá samning geta fengið allt að 100 þúsund Bandaríkjadali eða um 14 milljónir íslenskra króna. Í staðinn verða þeir að keppa í þremur WFP-keppnum á árinu.

Skötuveisla Rangárhallarinnar fer fram í annað sinn

Skötuveisla Rangárhallarinnar fer fram í annað sinn föstudagskvöldið 10. janúar kl. 19:30.

Skötuveislan er fjáröflunarviðburður fyrir Rangárhöllina. Í þetta skiptið er safnað fyrir hitaveitutengingu - sem verður bylting fyrir aðstöðuna, segir í tilkynningu frá forsvarsfólki Rangárhallarinnar.

Fólk er hvatt til þess að fjölmenna í íþróttahúsið á Hellu og

eiga saman skemmtilega kvöldstund og í leiðinni styðja við uppbyggingu á aðstöðu fyrir hestamennsku.

Á matsæðli verður kæst skata, saltfiskur, fiskréttur, hamsatölg, kartöflur og rófur. Eftirréttur er ábrystir með kanil.

Sunnlensk skemmtidagskrá verður af bestu gerð. Einnig verður happdrætti og eru vinningarnir í hæstu hæðum. Fölatollar, gjafabréf og margt fleira.



Býður upp á námskeið í módelteikningu og Masterclass í málun

Ívetur býður Listrými upp á námskeið á sviði myndlistar. Í janúar hefst fyrsta námskeiðið, námskeið í módelteikningu og módelmálun. Það verður haldið helgina 18. og 19. janúar í sal Rauða krossins í Hvergerði.

Fyrri daginn verður teiknað eftir lifandi módeli, bæði með blýanti, kolum og krít. Seinni daginn verður málað eftir módeli, með vatnsleysanlegum litum, t.d. vatnslitum og akríl, á pappír eða léreft. Stefnt er að því að losa um hömlur og vinna frjállega og persónulega með viðfangsefnið. Verkfæri og pappír verða á staðnum.

Í febrúar verður Guðrún síðan með Masterclass í akríl- og olíumálun þar sem áhersla verður lögð á að skoða efnafræðina og meta hvernig efnið hjálpar hugmyndinni sem unnið er með hverju sinni. Æfing verður í litablöndun og lagskiptri vinnu með akríl og olíu. Möguleikar beggja miðla verða kannaðir og virkj-aðir. Námskeiðið er fyrir fólk sem hefur þegar málað eitthvað en vill verða öruggara í vinnubrögðum og auka við kunnáttu sína við að tengja efnisnotkunina betur hugmyndinni sem unnið er út frá hverju sinni. Unnið er í þremur lotum og áfram heima inn á milli.



Auk þess verða haldin örnámskeið um hin ýmsu svið myndlistarinnar auk lengri námskeiða s.s. úr huga í efni, þar sem hugmyndapróun er tekin föstum tókum, og portrait- teikningar og málun. Nánari upplýsingar um námskeiðin er að finna á tryggvadottir.com

Guðrún Arndís Tryggvadóttir er fædd í Reykjavík en hefur búið og starfað á Suðurlandi síðan 2006. Öll námskeiðin nema Módelteikning- og málun verða haldin á vinnustofu hennar á Selfossi. Guðrún nam við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og fór síðan til framhaldsnáms til Parísar og síðan til München þar sem hún hlaut æðstu verðlaun akademíunnar við útskrift. Hún hefur rekið sinn eigin skóla með hléum frá 1993 og kennt bæði í öðrum

Fráveituframkvæmdir styrktar um tæpar 700 milljónir

Guðlaugur Þór Þórðarson, fyrrum umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, ákvað áður en hann lét af embætti að úthluta alls 694 m.kr. í styrki til sveitarfélaga vegna fráveituframkvæmda fyrir árið 2024. Styrkirnir eru veittir á grundvelli reglugerðar um úthlutun styrkja til fráveitna sveitarfélaga.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið auglýsti fráveitustyrkina í tvígang á árinu, í maí og aftur í október. Alls hlutu samþykki 20 umsóknir sem bárust frá 15 sveitarfélögum; Grundarfjarðarbæ, Ísafjarðarbæ, Garðabæ, Sveitarfélaginu Árborg, Húnabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppi, Mosfellsbæ, Hrunamannahreppi, Sveitarfélaginu Vogum, Grindavíkurbæ, Sveitarfélaginu Hornafirði, Akureyrarbæ, Hveragerðisbæ, Sveitarfélaginu Ölfusi og Múlaþingi. Í heild nemur áætlaður kostnaður sveitarfélaganna vegna fráveituframkvæmda á árinu 2024 um 2.734 m.kr.

Fráveitustyrkir eru veittir árlega vegna framkvæmda við safnkerfi fráveitna, hreinsivirki, dælustöðvar og útrásir en einnig framkvæmdir við hreinsun ofanvatns, svo sem til að draga úr mengun af völdum örplasts. Skilyrði fyrir styrkveitingu er að fráveituframkvæmdin sé áfangi í heildarlausn á fráveitumálum sveitarfélags. Úthlutunarreglur gera ráð fyrir að styrkveiting til stærri sveitarfélaga nemi allt að 20% af útlögðum kostnaði og að minni sveitarfélög, með færri en 4.000 íbúa, fái allt að 30% af útlögðum kostnaði.

„Fráveitumál eru mikilvæg umhverfismál en fráveituframkvæmdir geta verið umfangsmiklar og dýrar. Það er því mikilvægt að ríkið styðji við málaflokkinn svo sveitarfélög geti gert átak í fráveitumálum og dregið með aukinni hreinsun skólps úr mengun vatns og sjávar,“ segir Guðlaugur Þór Þórðarson, fyrrum umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.



Hótel Selfoss verður Marriott hótel

Eftir umfangsmiklar endurbætur hefur Hótel Selfoss skrifað undir samning við Marriott International um að hótelið verði Four Points by Sheraton hótel, eitt af yfir 30 framúrskarandi vörumerkjum Marriott Bonvoy.

Marriott Bonvoy er ein stærsta og þekktasta hótelkeðja heims, þekkt fyrir afburðarþjónustu og mikil þægindi.

„Við erum mjög spennt að fá Hótel Selfoss inn í Marriott Bonvoy sem Four Points by Sheraton hótel. Staðsetning hótelsins er frábær, þjónustan framúrskarandi, herbergin rúmgóð og öll aðstaða til fyrirmyndar,“ segir Axel Steinbach, þróunarstjóri Marriott International fyrir Norðurlöndin.

Með því að tengjast Marriott mun Hótel Selfoss styrkja stöðu sína á hótelmaknaði og bjóða gestum upp á nýja og spennandi möguleika. Hótel Selfoss er staðsett á stórglæsilegum útsýnisstað við bakka Ölfúsar í hjarta Suðurlands, sem gerir það að hinum fullkomna áfangastað fyrir þá sem vilja njóta alls þess besta sem Selfoss og nágrenni hafa upp á að bjóða.

„Við erum mjög ánægð með þessa breytingu og teljum að samstarfið við Marriott muni hjálpa okkur að veita gestum hótelsins enn betri upplifun. Jafnframt mun tengingin við Bonvoy skapa ný markaðstækifæri fyrir Hótel Selfoss,“ segir Björgvin Jóhannesson, hótelstjóri Hótel Selfoss.



Judoæfingar fyrir alla aldurshópa

Við bjóðum upp á judoæfingar fyrir börn og fullorðna, frá byrjendum til lengra komna. Komdu og prófaðu þessa spennandi og skemmtilegu íþrótt sem byggir upp styrk, jafnvægi og sjálfstraust. Frítt er á fyrstu tvær æfingar. Erum staðsett í Sandvík fyrir framan sundhöllina.

Nánari upplýsingar inná umfs.is/judo

Hildur Jónsdóttir kosin forseti Landssambands Soroptimista



Hildur Jónsdóttir, stofnandi Sigurhæða á Selfossi, hefur verið kosin til að gegna forsetaembætti Landssambands Soroptimista. Sambandið er 50 ára um þessar mundir og nær yfir 20 klúbba hringinn í kringum landið.

Hildur hefur haft atvinnu af jafnréttismálum frá því á niunda áratug síðustu aldar og segist ekki vera hætt. „Ég státa m.a. af því að hafa verið í Rauðsokkahreyfingunni, jafnréttisráðgjafi borgarinnar 1996-2006, verkefnisstjóri fyrir jafnréttisverkefni á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar, ESB og aragrúa af innlendum verkefnum. Ég hef líka verið formaður Jafnréttisráðs, fyrsti formaður sérfræði- og samhæfingarteymis um mansal, aðalhöfundur Jafnlaunastáðals m.m. Síðast var ég í forsætisráðuneytinu. Þar var ég m. a. fulltrúi þess í rammaáætlun (3. áfanga),“ segir Hildur í samtali við Dagskrána.

Sigurhæðir með gríðarlega sérstöðu

Hildur gekk í Soroptimistaklúbb Suðurlands árið 2015 og stofnaði Sigurhæðir, þjónustumiðstöð fyrir þolendur kynbundis ofbeldis á Suðurlandi, árið 2020.

„Ég stýri Sigurhæðum en allar klúbburinn og samstarfsaðilar eru virkjaðir og hjá okkur starfa fjórir frábærir meðferðaraðilar. Sigurhæðir hafa gríðarlega sérstöðu sé horft til annars sambærilegra úrræða að svo mörgu leyti. Þjónustumagnið og tegundir þjónustu eiga sér enga hliðstæðu hér á landi og þótt víðar væri leitað og árangurinn

er eftir því, hreint út sagt dásamlegur,“ segir Hildur.

Öll Soroptimistahreyfingin á Suðurlandi hefur fylkt sér um Sigurhæðir, einnig með fjárstuðningi, enda hvíla Sigurhæðir tryggilega á stefnugrundvelli hennar. Þá hefur Evrópusamband Soroptimista veitt styrki. Sigurhæðir eru hugsjón Soroptimista í framkvæmd.

Sigurhæðir byggja á sama grundvelli og afstöðu til baráttunnar gegn kynbundnu ofbeldi og til þolenda eins og önnur sambærileg úrræði hér á landi.

„Það varð okkur að vissu leyti til happs að vera ekki fyrr á ferðinni með að úthuga allt nákvæmlega. Svo ótt margt var að gerast misserin um og eftir 2020 á meðan við unnum að undirbúningi. Reynsla var komin á þau úrræði sem fyrir voru og starfsfólk þeirra var örlátt að miðla henni til okkar. Ekki bara reynslunni af því að starfa með þolendum, að bæði magn og fjölbreytileiki þjónustunnar þyrfti að vera ríkara, heldur líka hvernig úrræðunum var stjórnað. Fyrstu niðurstöður stóru rannsóknarinnar, Áfallasaga kvenna, komu út á þessu tímabili. Hún staðfesti enn frekar alvarleika, tíðni og margbreytileika brota sem falla undir kynbundið ofbeldi,“ segir Hildur.

Hildur segir að það lærdómsríkasta af öllu hafi verið að rannsóknin sýndi fram á að þolendur glíma einatt við áfallastreitueinkenni sem eru líkamleg, andleg og félagsleg. Afleiðingarnar eru m.a. slæm líkamleg heilsa og verkir, þunglyndi, kvíði, sjálfskaðandi hegðun, vímuefna-

notkun, átraskanir og krónískir sjúkdómar.

„Bein tengsl eru á milli þess að vera þolandi ofbeldis og skertrar stöðu á vinnumarkaði svo sem vegna örorku. Það er mjög mikilvægt að átta sig á þessu. Kynbundið ofbeldi hefur fjárhagslegar afleiðingar fyrir þolendurnar vegna þess að þátttakan á vinnumarkaði er iðulega skert eða nákvæmlega engin vegna örorku. Með öðrum orðum, fátækt getur verið ein af afleiðingum kynbundins ofbeldis og það hefur áhrif á næstu kynslóð. Þolendur ná ekki að nýta hæfileika sína í eigin þágu og barna sinna eða í þágu samfélagsins. Við í Sigurhæðum höfum reynslu af því að skjólstaðingar komist úr því að vera á örorkubótum og fari aftur á vinnumarkað. Svona viðsnúningur er í hverju einasta tilviki margra hundruða milljóna króna virði fyrir samfélagið.“

Hildur tekur fram að hægt hafi verið að draga ályktanir um hversu gríðarlega kostnaðarsamt ofbeldið sé fyrir samfélagið og kalla mætti það bæði lýðheilsuvanda og útbreiddan farald.

„Næstum hvar sem borið var niður innan stjórnkerfisins var unnið að því að ná heillegri mynd af vandanum, hversu brotakennd, ósamstæð og ófullnægjandi þjónustan við þennan hóp væri og hvaða leiðir þyrfti að fara til að vinna bug á honum. Ein útkoman var að sums staðar þyrfti að breyta löggjöf eða verklagsreglum, til dæmis hjá lögreglu og heilsugæslu. Líka að koma þyrfti á meira samstarfi og samhæfingu þvert á stofnanir. Þegar við settum okkur í samband við fulltrúa í stjórnkerfinu fundum við fljótt að þar var að fæðast einlægur pólitískur og faglegur áhugi á að gera betur.“

Hildur segir þær í Soroptimistaklúbbnum hafi verið vel ne-staðar strax í byrjun.

„Við áttuðum okkur á að við gátum ekki takmarkað fjöldann af viðtalstímum fyrir þolendur. Nægilegur tími til að vinna með sín mál undir sterkri fag-

legri og kærleiksríkri leiðsögn er eitt það nauðsynlegasta og dýrmætasta sem við getum veitt þolanda. Við sáum að við þurftum starfsfólk af hæsta kaliberi hvað sérfræðilega menntun og reynslu snerti þannig að breidd í tegundum þjónustu og meðferðartilboða yrði tryggð frá upphafi. Dæmi um þetta er sérhæfða EMDR áfallameðferðin. Venjuleg sálfræðimeðferð virkar almennt ekki á dýpstu örín og skemmdirnar eftir alvarlegustu áföllin eða langa áfallasögu. Ekkert af okkar systurúræðum gat boðið upp á svo sérhæfða þjónustu. Hugtakið markaðsbrestur kom líka til. Við gátum ekki eftir örfá viðtöl sagt skjólstaðingi að fara bara út að leita sér að EMDR áfallameðferð. Á Suðurlandi var fáu til að dreifa á því sviði. Svo er hún dýr. Við sem Soroptimistar viljum veita heildræna þjónustu í heimabyggð, ókeypis.“

Hildur nefnir þátt sem líka markar þeirra sérstöðu. Tæpu ári áður en dyr Sigurhæða voru opnaðar gerðu þær óskalista yfir stofnanir í sunnlensku samfélagi sem þær vildu fá um borð.

„Við vildum að Sigurhæðir yrðu ekki bara okkar verkefni, heldur sannkallað lýðheilsuverkefni sem allir Sunnlendingar ættu aðild að. Verkefni sem þeir gætu litið á sem sitt eigið. Við töluðum við öll sunnlensku sveitarfélögin 15 að tölu, lögregluembættin, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, sýslumannsembættin o.fl. Viðbrögðin komu á óvart. Alls staðar fengum við frábærar viðtök, okkur var sagt að eftir frumkvæði sem þessu hefði lengi verið beðið.“

Öll sveitarfélögin vildu ekki aðeins gerast formlegir samstarfsaðilar heldur einnig leggja fram fé. Þá gengu þau skrefinu lengra og samþykktu á vettvangi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga að Sigurhæðir skyldu vera svokallað áhersluverkefni í Sóknaráætlun Suðurlands þar sem unnið er að markmiðum um heilsuflandi samfélög og aukin lífsgæði Sunnlendinga.

„Við erum gríðarlega stoltar af sveitarstjórnarstiginu á Suðurlandi eins og öllum samstarfsaðilum okkar. Þetta þýðir að félagsþjónusturnar, heilbrigðiskerfið, lögreglan, stjórnvíslan hjá sýslumanni og Sigurhæðir eru öll að samhæfa þjónustuna þar sem allir hafa hlutverk. Við stofnun Sigurhæða var hvergi annað eins formlegt samstarfskerfi í heimabyggð um hagsmunum þolenda,“ segir Hildur.

Hefð er fyrir því að forseti velji sér kjörorð fyrir kjörtímabilið sem á að endurspeglar áherslur hennar og hreyfingarinnar. Hildur er SYSTRAPÉL. STYRKUR. SAMSTADA. „Allan minn starfsferil á sviði jafnréttismála hafa þessi orð verið mitt leiðarljós og í mínum huga kjarna þau allt sem Soroptimistar standa fyrir hvarvetna í heiminum,“ segir Hildur.

Var kosin í embættið á Landssambandsfundum Soroptimista

Kosið er til embætti á Landssambandsfundum Soroptimista sem haldinn er að vori. Oftast er kjörtímabilið tvö ár þannig að um helmingur embættismanna lýkur störfum á hverjum tíma og aðrir kosnir í þeirra stað. Stólaskipti fara fram um áramót. Sama gildir um forseta. Á landsfundinum fara tveir fulltrúar úr hverjum klúbba með atkvæðisréttinn, óháð stærð þeirra. Hildur segir þetta vera mjög sniðugt, skilvirkt, lýðræðislegt og tryggt samfélag.

Forseti Landssambands Soroptimista þarf að hafa augun á öllum 20 Soroptimistaklúbbunum í kringum landið og á sjöunda hundruð systur innan þeirra. „Ég vil styðja þau dásamlegu verkefni sem þær vinna fyrir heimabyggðir sínar og einnig á alþjóðlegum vettvangi,“ segir Hildur. Forsetinn er talsmaður Soroptimista, ber ábyrgð á fundum, framkvæmd laga sambandsins og að allt fyrirkomulag virki. Megineinkenni þess er mikil valddreifing. „Mikilvægast er það að forset-



Sigurhæðir hafa vakið athygli forystu Alþjóðasambands Soroptimista. Erlendir Soroptimistar leggja gjarnan leið sína þangað. Nokkrar af æstu leiðtogum þess komu í heimsókn í okt. sl. og eru hér fyrir framan Sigurhæðir. Í neðstu röð til vinstri við miðja mynd er forseti Alheimssambands Soroptimista, Siew Yong Gnanalingam frá Malaysíu.

inn er fremstur meðal jafningja með aðgang að miklum fjársjóði þekkingu og reynslu," segir Hildur einnig.

Hreyfing Soroptimista á Íslandi er hluti af Alþjóðasamtökum Soroptimista sem eiga sögu rúmlega öld aftur í tímann og ná yfir meira en 130 lönd. Þau greinast í fimm heims- hlutasamtök og tilheyri Ísland Evrópusambandi Soroptimista. „Það er svo frábært að forseti Evrópusambandsins núna sé íslensk kona, Hafðís Karlsdóttir, sem þekkir alla innviði betur en lófann á sér," tekur Hildur stolt fram.

Innan klúbba og á alþjóðlegum vettvangi er unnið að urmul verkefna sem öll snúast um kjarnann í boðskap Soroptimista - að styðja og efla stúlkur og konur. Slíkar áherslur lyfta lífsgæðum allrar fjölskyldunnar og oft þeirra nærsamfélaga líka. Sem dæmi má nefna heilsueflandi verkefni, vatnsverkefni, byggingu og rekstur skóla, starfsnám, leiðtogaþjálfun og baráttuna gegn fátækt sem bitnar hlutfallslega verr á konum og stúlkum. „Íslenskur klúbbur gæti þess vegna, auk starfsins á heimavelli, verið að styðja við starfsnám kvenna í tyrknesku fangelsi til að þær hafi að einhverju að hverfa eftir afplánum og séu færar um að sjá fyrir sér og börnum sínum. Svo er baráttan gegn kynbundnu ofbeldi í algerum forgangi. Soroptimistar um allan heim taka afgerandi þátt í henni, í mörgum tilfellum í beinu samstarfi við Sameinuðu þjóðirnar," segir Hildur.

„Við deilum áhyggjum af mörgum erlendum systur okkar vegna þess ófriðarbáls og kúgunar sem víða ríkir núna. Íslenska og alþjóðlega Soroptimistahreyfingin hefur styrkt Soroptimistaklúbba í Úkraínu og í Rússlandi er starfsemi Soroptimista í hættu vegna ógnarstjórnar Pútíns," bætir Hildur við.

Hildur segir alþjóðlega starfið innibera rík tengsl við Sameinuðu þjóðirnar. „Við eigum áheyraraðild að níu nefndum/stofnunum þeirra og má rekja þau til gerðar Mannréttinda-sáttmálans 1948. Þessu fylgir mikil vinna. Aðeins þrjú önnur kvennasamtök á heimsvísu njóta sambærilegrar stöðu og við lítum á samstarf okkar við S.Þ. sem djásnið í krúnu okkar Soroptimista.“

Hjartað fullt af þakklæti og auðmýkt

Hildur segir það mikinn heiður að fá að gegna embætti forseta Landssambands Soroptimista.

„Ég finn að hjarta mitt er fullt af þakklæti og auðmýkt, en líka miklum sóknarhug fyrir hönd Soroptimista. Þegar ég var kosin til starfsins lýsti ég embættinu sem fjórþættu: Það er heiðursstaða og trúnaðarstarf inn á við gagnvart hreyfingunni, þjónustustarf við samfélagið og svo er það virðingarstaða. Það síðasta nefni ég af því að Soroptimistar eiga sér langa sögu um að hrinda af stað nýskapandi verkefnum, veita fjárstyrki og vera styrk stoð og liðsfélagi í umbótaverkefnum hérlendis og erlendis. Ég verð endalaust vör við að Soroptimistahreyfingunni er sýnd mikil virðing og ég vil reynast hennar verðug. Svo finnst mér að öll mín langa og víðtæka reynsla af jafnréttismálum í breiðasta skilningi komi saman í einum punkti í þessu embætti og það er góð tilfinning að hún nýtist enn.“

Hildur tók formlega við sem forseti sambandsins 1. janúar sl. „Mér - og löngu og víðtæku starfi mínu að jafnréttismálum og bættri stöðu kvenna - er sýndur mikill heiður og ég hlakka til að takast á við þetta verkefni sem ég mun sinna samhliða Sigurhæðum.“ EHH

Við upphaf hvers fundar klúbba um allan heim er farið með eiðstaf Soroptimista.

Hvatning

- Sýnum drenglyndi og verum einlæggar í vináttu
- Verum reiðubúnar til hjálpar og þjónustu
- Sýnum í verki skilning og friðarvilja
- Setjum markið hátt og vinnum störf okkar með sæmd og ábyrgðartilfinningu

Markmið

- Að vinna að bættri stöðu kvenna
- Að gera háar kröfur til siðgæðis
- Að vinna að mannréttindum öllum til handa
- Að vinna að jafnrétti, þróun og friði, fyrir tilstuðlan alþjóðlegs skilnings og velvildar
- Að vinna að meiri sjálfbærni í umhverfismálum í heimabyggð, heimalandi og á alþjóðavettvangi

Áherslur

- Soroptimistar skulu beita sér fyrir:
- Að veita þjónustu í heimabyggð, heimalandi og á alþjóðavettvangi
- Að taka virkan þátt í ákvarðanatöku hvarvetna í þjóðfélaginu
- Að fjölga klúbbfélögum
- Að vinna að markmiðum Alþjóðasambands Soroptimista og Landssambandsins

AUGLÝSINGAR UM SKIPULAGSMÁL

Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur og Hrunamannahreppur



Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga aðalskipulagsbreytingar eftirfarandi skipulagsáætlunar:

1. Efra-Sel golfvöllur; Breyttur byggingarreitur og hótél; Aðalskipulagsbreyting - 2404066

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkir á fundi sínum 5. desember að auglýsa tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til svæðis VP5, Efra-Sels golfvallar. Í breytingunni felst heimild fyrir fjölgun herbergja hótels/gistiheimilis á reitnum. Innan gildandi aðalskipulags Hrunamannahrepps er gert ráð fyrir allt að 80 gistirúmum á allt að 5 ha svæði. Eftir breytingu verður gert ráð fyrir allt að 170 gistirúmum á allt að 5 ha svæði.

Samkvæmt 41. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana og deiliskipulagsbreytingar:

2. Sauðholt 2 lóð L220917, Sauðholt 2B L231134; Sameining lóða; Deiliskipulag - 2411032

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundi sínum 18. desember að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til lóðar Sauðholts 2 og Sauðholts 2B. Í gildi er deiliskipulag sem tekur til lands Sauðholts 2 lóð L220917. Við gildistöku tillögunnar fellur núverandi skipulag svæðisins úr gildi. Í breytingunni felst sameining þessara tveggja lóða í eina auk skilgreiningar á byggingarreitum og byggingarheimildum.

3. Birtingaholt 1; Birtingaholt 1D og 1D land; Deiliskipulag - 2411070

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum 19. desember deiliskipulag til auglýsingar sem tekur til lands úr jörð Birtingarholts 1. Í tillögunni felst skilgreining lands og lóðar þar sem gert er ráð fyrir grænmetisræktun auk uppbyggingar á allt að 500 m² aðstöðuhúsi og allt að 165 m² íbúðarhúsi. Innan byggingarreits aðstöðuhúss er einnig gert ráð fyrir aðstöðuplani og bílastæðum.

4. Heiðargerði 9-18; Athafnasvæði; Deiliskipulag - 2412025

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum 17. desember deiliskipulag til auglýsingar sem tekur til athafnasvæðis AT1 við Heiðargerði. Innan deiliskipulagsins eru afmarkaðar 10 lóðir sem ætlaðar eru til uppbyggingar hreinlegrar atvinnustarfsemi. Auk þess er gert ráð fyrir geymslu- og gámasvæði.

5. Efra-Sel golfvöllur; Breyting á verslunar- og þjónustusvæði; Deiliskipulagsbreyting - 2412015

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum 19. desember breytingu á deiliskipulagi til auglýsingar sem tekur til Efra-Sels golfvallar L203094. Í gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir gistingu í 10 gestahúsum á reit A og allt að 30 herbergja gistiálmu á byggingarreit B eða samtals 80 gestum. Í breytingunni felst að öll gisting er færð í eina byggingu neðan við núverandi golfskála sem gert er ráð fyrir að rúmi allt að 170 gesti. Breytt lega hótels kallar á breytingu á aðkomuvegi og bílastæðum. Fjölgun hótélherbergja kallar á breytingu á aðalskipulagi og sú breyting er í ferli samhliða breytingu á deiliskipulagi.

6. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum; Frá Haki að Leirum; Deiliskipulag - 1904036

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 18. nóvember 2024 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags ásamt óverulegri breytingu á núverandi deiliskipulagi sem tekur til Þjóðgarðsins á Þingvöllum. Deiliskipulagið felur í sér að skilgreina fyrirkomulag vega, bílastæða, útivistar- og almenningsvæða, göngustíga og gangstétta ásamt mögulegri uppbyggingu svæðisins til framtíðar. Þá verður gerð grein fyrir lóðarmörkum, byggingarreitum, nýtingarhlutfalli og öðrum þeim ákvæðum sem ástæða er til að skilgreina í deiliskipulagi. Helstu markmið skipulagsins er að tryggja vernd einstakrar náttúru og menningarmínja Þingvalla og bæta aðgengi að og um vesturhluta Þjóðgarðsins og auka þjónustu við gesti hans. Samhliða vinnu við deiliskipulag er gerð breyting á gildandi deiliskipulagi sem felst í því að sá hluti deiliskipulagsins sem nær til svæðis austan við Þingvallaveg ásamt svæði sem nær til bílastæða á bökkum Hrutagilslækjar vestan Þingvallavegar er felldur úr gildi auk deiliskipulags sem tekur til Valhallar- og Þingplans. Niðurfelling þessara hluta skipulagsáætlana svæðisins er gerð samhliða samþykkt þessa deiliskipulags en þeir skilmálar sem við eiga eru nýttir innan nýs deiliskipulags. Skipulagstillagan er lögð fram í formi greinargerðar og yfirlitsuppráttar auk þess sem lagðir eru fram þrjú deiliskipulagsupprættir af hverju svæði fyrir sig sem skiptast í suðurhluta, miðhluta og norðurhluta. Deiliskipulagstillagan var auglýst þann 28. nóvember 2024 með athugasemdafrest til 10. janúar 2025. Með auglýsingu þessari er gefinn aukinn frestur til að koma á framfæri umsögnum og athugasemdum eða til 24. janúar 2025.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Hverabraut 6, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni [www.utu.is](#) og á skipulagsgátt [Skipulagsstofnunar skipulagsgatt.is/](#). Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna [www.asahreppur.is](#), [www.blaskogabyggd.is](#), [www.floahreppur.is](#), [www.fludir.is](#).

Mál 1 - 5 innan auglýsingar eru skipulagsmál í auglýsingu frá 9. janúar 2025 með athugasemdafresti til og með 21. febrúar 2025.

Mál 6 er þegar í auglýsingu en með auglýsingu þessari er gefinn aukinn athugasemdafrestur til og með 24. janúar 2025.

Athugasemdum og ábendingum skal skila inn á skipulagsgátt [Skipulagsstofnunar www.skipulagsgatt.is](#) undir viðeigandi máli. Einnig má koma á framfæri athugasemdum og ábendingum skriflega á skrifstofu UTU Hverabraut 6, Laugarvatni eða með tölvupósti á [netfangið skipulag@utu.is](#).

Fyrirspurnir má senda á [netfang UTU skipulag@utu.is](#).

Vigfús Þór Hróbjartsson

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og Tæknisviðs Uppsveita

ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnsur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

DFS.IS
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Hafðu samband
og fáðu tilboð í
auglýsingar í blaðið
og á vefinn.

Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL

Opin fimmtudaginn
9. janúar kl. 13:00-14:30

OPIÐ HÚS

Fim. 9. janúar kl. 14:45
STUTT KYNNING Á NÝRRI
FACEBOOK-SÍÐU FEBSEL

ÖLFUSÁRBRÚIN GAMLA

Kaffi 200 kr.
Kaffi og kökur 1500 kr.

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

OPNUNARTÍMAR

Mán. kl. 11-14
Opíð húsi

Þriðjud. kl. 14-16
Unga fólk 18 til 45 ára

Miðvikudaga kl. 11-14
Opíð húsi

Fimmtudaga kl. 11-14
Upprekjur

Föstudaga kl. 11-14
Opíð húsi

Hægt er að panta viðtöl í
annan tíma ef þessi tíma
henta ekki.

Allir viðburðir auglýstir á
Facebook-síðu Brosins.

Sími 482 1022 / 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á aðfangadag
og gamlársgang kl. 12:00,
Hrishiolti 8. Nýliðafundir falla
niður en nýliðar eru velkomnir
á Al-Anon fund.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opin fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrishiolti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krosus.
Poniedzialek i czwartek i sobota
godzina 19:00. Hrishiolti 8 - 800
Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrishiolti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrishiolti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, neðri
hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

Búið er að draga úr
jólamyndagátu Dagskrárinnar

Jólamyndagátan er fastur liður
í jólablaði Dagskrárinnar. Ár
hvert eru tvær myndagátur, ein
fyrir fullorðna og önnur fyrir
börn. Það var Eygló Gränz sem
gerði gáturnar eins og undan-
farna þrjá áratugi. Í verðlaun
voru vegleg ísveisla frá Kjörís
fyrir fullorðinsmyndagátuna
og frostpinnaveisla fyrir barna-
myndagátuna.

Mikill fjöldi lausna bárust
Dagskránni og voru tveir ein-
staklingar dregnir út. Vinnings-
hafar eru sem hér segir:

Myndagáta fyrir fullorðna:

Sveinn Ingvason,
Hveragerði

Barnamyndagátan:

Díana Rán Stefánsdóttir, 7 ára.

Fullorðinsgáta- lausn

Seint verður sagt um árið
tuttugu og fjögur að það hafi
verið tíðindalítið. Endalausar
gosfréttir og Grindvíkingar
ekki átt sjó dagana sæla.
Síðan féll stjórni Íslands með
látum og blásið var til kosn-
inga í haust. Þrjár konur unnu
sigur úr býtum í þetta sinn og
mynda trúlega næstu ríkis-
stjórn ef þær ná saman.

Barnagátan- lausn

Fátæk börn um allan
heim elska jólin
eins og við öll en
þau verða þó mörg
að búa við stríð og
ótta. Öll viljum við
fríð.



KIRKJA

Skálholtsdómkirkja

Messa kl. 11 með áherslu á skírni
Jesú í Jórdaná. Gaman væri að
fá alla sem hafa komið í Jórdaná.
Organisti er Pétur Núi Stefánsson
er organisti. Sr. Kristján Björnsson,
vígslubiskup, þjónar fyrir
altari og prédikar með örsögum
úr Galíleu.

Selfosskirkja

Messa klukkan 11:00. Séra Axel
Á Njarðvík þjónar, Edit Á Molnar
organisti og kirkjukórinn leiða
sönginn.

Sunnudagaskólinn er einnig
klukkan 11:00 undir leiðsögn
Sjafnar og leiðtoganna. Öll eru
hjartanlega velkomnir!

Kyrrðarbæn er á þriðjudögum
klukkan 12:00 og morgunbæn á
miðvikudögum klukkan 10:00.
Barnastarfið er komið í fullan
gang og er mikið fjór í safnaðar-
heimilinu alla vikuna!

Barnakór Selfosskirkju aug-
lýsir eftir fleiri söngelskum börn-
um! Í kórnum er fullt af kátum
krökkum í 2.-4. bekk sem ætla
að syngja m.a. í messum, á
skemmtikvöldum og vortónleik-
um. Svo verður vorferð og aldrei
að vita nema við syngjum og
skemmtum okkur með fleiri
barnakórum! Starfið hefst aftur
þriðjudaginn 7. janúar og kór-
ræfingar eru á milli klukkan
16:00-16:45 á þriðjudögum. Allt
kórastarfi í Selfosskirkju er
 ókeypis og hægt er að skrá sig á
selfosskirkja.skrumur.is eða hafa
samband við Bergþóru
Kristínardóttir í berg.runars@
gmail.com.

Stokkseyrarkirkja

Kvöldmessa klukkan 20:00.
Séra Axel Á Njarðvík þjónar,
Haukur organisti og kirkjukórinn
leiða safnaðarsöng.

Forsetasonur gengur í raðir Hamars

Tómas Bjartur Björnsson
hefur skrifað undir samning
við Knattspyrnudeild Hamars.
Tómas er 23 ára gamall mið-
vörður sem er uppalinn í Breið-
ablik en hann spilaði með ÍH í 3.
deildinni á síðustu leiktíð. Hann
þekkir aðeins til í Hveragerði
þar sem hann spilaði með Hamri
sumarið 2022.

Tómas er sonur Höllu Tómas-
asdóttur, forseta Íslands. Hann
stundar nám í Bandaríkjunum
og spilar þar fótbolta.



prentmet 
heildarlausnir í prentun

Ljósritunarpappír



2500
A4 blöð í
kassa

Hágæða Svansvottaður 80 gr. ljósritunarpappír
úr sænskum nytjaskógum.

Verð per kassa er 6.500 kr. með vsk.
Veittur er góður magnafsláttur - Fáðu tilboð!

Frí heimsending á höfuðborgarsvæðinu, Selfossi
og Akureyri ef pantaðir eru 10 kassar eða meira

Sími 482 1944 - selfoss@prentmetoddi.is

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

DFS.IS
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Annáll ritstjóra



2. Var rekin úr skóla fyrir að vera of ljót

Rithöfundurinn og Hvergerðingurinn Elísabet Jökulsdóttir var hér í viðtali um nýjustu bók sína Límonaði frá DÍafani sem hefur fengið góðar viðtökur eftir að hún kom út. Elísabet fer yfir söguna og innblástur hennar ásamt því að fara yfir æskuna og upp-vaxtarárin. Þar segir hún frá því þegar hún var unglingur með lítið sjálfstraust sem hafði meðal annars áhrif á skólagöngu hennar. Hún mætti illa af því henni fannst hún vera of ljót til þess að mæta. Í kjölfarið var hún rekin úr skóla.



3. „Illa ígrunduð ákvörðun stjórnenda Hveragerðisbæjar“

Guðjón Jónsson, þýskumælandi leiðsögumaður síðan 1992, skrifaði pistil um upplýsingamiðstöð Hveragerðisbæjar þegar hann var staddur á Heilsuhælinu í Hveragerði. Hann telur það illa grundaða ákvörðun bæjarfélagsins að hafa fært upplýsingamiðstöðina úr Sunnumörk, þar sem hún var áður, í gamalt hús að Breiðumörk 21. Hann telur gömlu staðsetninguna hafa verið fullkomna fyrir ferðamenn þar sem í Sunnumörk sé jarðskjálftasýning sem sé gott aðdráttarafi. Þar hafa ýmis ummerki verið sýnd, myndefni og sjá hefur mátt upptökur úr öryggiseftirlitsmyndavélum. Í kjölfarið væri hentugt fyrir ferðamenn að nýta sér upplýsingamiðstöðina.

4. „Í skoðuninni spurði ég í hæðnistón: Er ég nokkuð með krabbamein?“

Birna Almarsdóttir ræðir í viðtali um það þegar hún greindist með 4. stigs Hodgkins-eitilfrumukrabbamein árið 2020, þá aðeins 27 ára. Hún talar um einkennin sem voru upphaflega ekki þess eðlis að hún hefði stórar áhyggjur. Hún hafði tvisvar sinnum leitað til læknis vegna óljósra einkenna, til að mynda nætursvita, hita af og til, mikillar mæði, óþæginda yfir brjóstsvæði og þráláts hósta. Hún talar um óttann sem hafi tekið yfir hana þegar henni var



tjáð að hún væri með krabbamein. Hún og dóttir hennar voru einar heima þegar simtalið barst og segir Birna dóttur sína,

sem þá var tveggja ára, hafa reynt að róa hana niður. Hún segir það ákveðinn létti að hafa verið greind með Hodgkins-eitilfrumukrabbamein þar sem batahorfur séu nokkuð góðar. Krabbameinsmeðferðin gekk heilt yfir vel og er Birna þakklát fyrir baklandið sitt og að hafa komist í gegnum þetta.

5. Gömul íslensk mynt fær nýtt líf sem skartgripir

Árni Veigar Thorarensen og afi hans, Gunnar Th. Gunnarsson, halda úti skartgripafyrirtækinu Afi & ég. Þeir vinna alla skartgripir úr gamalli íslenskrí mynt. Gunnar hafði safnað mynt síðan 1966 og datt honum í hug að hann gæti gert eitthvað sniðugt úr henni seinna árum seinna



finnur hann poka með myntinni og fer til Árna og spyr hvort hann vilji fara með honum á silfursmiðanámskeið. Þeir gerðu það og hafa búið til skartgripir síðan. Árni sagði að það væri ekki skortur á gamalli mynt á Íslandi. Afi & ég smíða aðallega ermahnappa, hringa, bindisnælur og eyrnalokka og eru allar vörurnar gerðar úr íslensku myntinni með það að markmiði að gefa henni nýtt líf. Ermahnapparnir eru vinsælastir og eru þeir, og hinir skartgripirnir, mjög vinsælir í gjafir. Fólk kaupir gjarnan skartgripir með þýðingamiklu ártali.

6. Eldur logar í einbýlishúsi við miðbæ Selfoss

Í mars 2024 kveiktu ungmenni í gamla Hafnartúnshúsinu á Selfossi sem stóð í miðbæ Selfoss, við Sigtúnsgarð. Til stóð að flytja húsið og nota í áframhaldandi uppbyggingu í miðbænum.



7. Skírðu barnið sitt í Reykjaréttum

Bjarni Rúnarsson og Harpa Rut Sigurgeirsdóttir eru kúabændur á Reykjum í Skeiða- og Gnúpsverjareppi. Þau eignuðust sína fyrstu dóttur í lok júní 2024 og ákváðu að skíra hana í Reykjaréttum. Þau ákváðu að skíra þar af því það væri svo mikið að gera hjá öllum á sumrin og að dregist hafi að skíra dómuna. Það er alltaf mikill hátíðardagur í Reykjaréttum hjá fjölskyldu Bjarna og Hörpu þar sem fullt af fólki kemur saman. Því



fannst þeim tilvalið að slá þessu saman. Skirnin gekk mjög vel og fólk sem kom til þess að taka þátt í réttunum tók vel í hana.

8. Ný fataverslun opnar í Hveragerði

Icemart Souvenirs, ný fataverslun opnaði í Hveragerði í júlí. Verslunin, sem staðsett er í Sunnumörk 2, er afrakstur sam-



starfs milli Icwear og Ólafar Ingibergsdóttur, einnig þekkt sem Lóa. Lóa og Icwear sáu tækifæri í því að opna verslunina þegar Upplýsingamiðstöðin flutti úr Sunnumörk. Verslunin býður upp á fjölbreytt úrval fatnaðar og vörumerkja frá Icwear á sanngjörnu verði. Lóa elskar að þjónusta fólk og segist vera heppin að hafa fengið að vinna við það sem hún elskar, en hún á líka Almar bakari og verslunina Römlu með manninum sínum.

9. Matarkarfan lækkar hressilega í Kjörbúðinni

Í ágúst lækkaði verð á 640 vörum í verslunum Kjörbúðanna og nam lækkunin í mörgum tilfellum tugum prósentu frá fyrra



verði. Ákveðið var að fjölga þeim vörum sem merktar eru sérstaklega með grænum punkti, en það eru vörur sem seldar eru á verði sambærilegu við það sem býðst í lágvöruverðsverslunum. Kristín Gunnarsdóttir, rekstrarstjóri Krambúða og Kjörbúða hjá Samkaupum, talaði um að markmiðið með rekstri Kjörbúðarinnar sé alltaf að bjóða viðskiptavinum upp á vöruúrval, þjónustu og verð sem mætir þeirra þörfum og kröfum. Þau reyna því eftir fremsta megni að bjóða upp á fjölbreytt vöruúrval á breiðu verðbili og vera með samkeppnishæf verð.

10. Grunnskólinn í Hveragerði safnaði 2,2 milljónum fyrir Minningarsjóð Bryndísar Klöru

Grunnskólinn í Hveragerði hélt góðgerðarviku í lok nóvember þar sem nemendur eyddu þremur dögum í að búa til ýmsar vörur sem voru svo seldar á markaði sem er opin allum. Ágóðinn af sölunni rann í Minningarsjóð Bryndísar Klöru. Alls söfnuðust 2,2 milljónir. Bryndís Klara lést í kjölfar hnífaárásar á menningarnótt í Reykjavík. Markmið sjóðsins er að styðja við verkefni sem miða að því að vernda börn gegn ofbeldi og efla samfélag þar sem samkennd og samvinna eru í forgrunni. Haldin var athöfn 18. desember sl. í grunnskólanum þar sem foreldrar Bryndísar Klöru, Birgir Karl Óskarsson og Idunn Eiríksdóttir, tóku við styrknum og þökkðu vel fyrir sig. *EHI*



Kvenfélagið Unnur fagnar 102 ára afmæli

Kvenfélagið Unnur á Rangárvöllum fagnar afmæli 30. desember sl. en félagið var stofnað 30. desember árið 1922 á Minna-Hofi á Rangárvöllum. Komu þangað konur á hestum víða frá Rangárvöllum; veðurathuganir sýndu að veðrið var stillt og snjólítið þennan dag.

Fyrir 102 árum stofnuðu framsæknar konur kvenfélagið með það að markmiði að auka kynni og samheldni kvenna í samfélaginu, markmið sem hefur staðið óhaggað í gegnum árin.

Í gegnum tíðina hefur Kvenfélagið Unnur lagt mikið af mörkum til samfélagsins á Hellu og nágrenni. Á meðal þess sem félagið hefur styrkt eru:

- Dvalarheimilið Lundur

og Heilsugæslan á Hellu, sem tryggja velferð íbúa á öllum aldri.

- Grunnskólinn á Hellu, sem sinnir uppbyggingu næstu kynslóða.

- Leikskólinn á Hellu, sem fagnaði 50 ára tímamótaafmæli í sumar.

- Sjúkraflokkur Flugbjörgunarsveitarinnar á Hellu, sem tryggir öryggi í okkar samfélagi.

- Unglingadeild Flugbjörgunarsveitarinnar á Hellu, sem sinnir mikilvægu starfi með unglingum og hefur hlotið mikið lof fyrir sitt framlag.

Auk þess hefur Kvenfélagið Unnur staðið fyrir fjölbreyttum viðburðum, meðal annars haldið fyrirlestra með ýmsum áhuga-verðum fyrirlesurum. Kven-

félagið hefur haldið jólatrés-skemmtun um árabil á milli jóla og nýárs fyrir börnin sem hefur verið vel sótt.

Það leggur einnig mikla áherslu á samvinnu og hefur átt farsælt samstarf við önnur kvenfélög í Rangárþingi ytra, þar sem unnið er saman að því að efla samfélagið.

„Við erum stoltar af því að leggja okkar af mörkum til samfélagsins og vinna að velferð og samheldni. Með stolti horfum við til baka yfir það sem hefur verið gert og áfram til framtíðar með hjartástandi og þakklæti,“ segir í tilkynningu frá félaginu.

„Við bjóðum nýjar konur á öllum aldri velkomnar að kynna okkur og okkar góða starfi,“ segja þær að lokum.



Ávaxtakarfan heldur áfram á nýju ári

Ávaxtakarfan hefur göngu sína aftur hjá Leikfélagi Hveragerðis laugardaginn 11. janúar. Viðtökur verksins hafa verið mjög góðar. Það var frumsýnt haustið 2024 og voru sýndar 22 sýningar fyrir jól og uppselt á þær allar. Það er nú þegar uppselt á fyrstu sýningar ársins. Leikfélagið stefnir á að sýna allavega út janúar og febrúar og halda áfram meðan aðsókn er góð.

Valdimar Ingi Guðmundsson formaður leikfélagsins segir í samtali við Dagskrána að hann hafi búist við því að verkið yrði

svona vinsælt, enda vel þekkt verk og flottur hópur sem kemur að sýningunni. „Leikhópurinn er einstaklega samrýmdur og öflugur, hefur tekist á við æfingar og sýningarferlið með gleði og ánægju,“ segir Valdimar. Hann segir að hópurinn sé ekki orðinn þreyttur en að stefnt sé að því að gefa frí einhverjar helgar til þess að hópurinn missi ekki áhugann. Að lokum segir Valdimar að félagið stefni á það að sýna að minnsta kosti 30-35 sýningar, en 35 sýningar er sýningarmet félagsins.

EHI

BRAMA AF VINATTU!

Josera

Fæst hjá **BYKO** Selfossi

Sprettur
ÁBURÐUR

Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Vísskiptastjóri
GSM: 840 3009

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIDI 9, SELFOSSI - Sími 464 9400 - WWW.FROST.IS

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

LAGNIR

ALHLIÐA
PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

LAGNALAND
LAGNALAUSNIR

Áreiðanlegir pípulagningaverktakar

NÝLAGNIR - HITAKERFI
FRÁRENSLI - VIÐGERÐIR

Sími 769 0001
lagnaland@lagnaland.is

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðskipti

Bilverk BA

Þar sem
faðmennirnir vinna

★★★★★

Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is

ALHLIÐA BYGGINGA-VERKTAKAR

848 0964 899 0979
GÍSLI ÖRN

GBHOUSEF@GMAIL.COM

GB HÚS
SÍMI: 848-0964

PÚLSINN
Raf & kæliþjónusta

Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

Lagnabjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA

534 9600
www.heyirn.is

NÝTT

Vinnuvélanámskeið
á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is

TAXI SELFOSSI
SÍMI 482 3800

HJÓLA-STÓLABÍLL
SÍMI 777 5422